

Sementsbundið flísalím

EFNISLÝSING

Megafix er sementsbundið duftlím til að líma keramikflisar, klinkur, skífustein, mosaik, marmara o.fl. á gólf og vegg.

Megafix inniheldur sérválið sement og bindiefni svo úr verður sveigjuþolið lím með auknum bindieiginleikum.

NOTKUNARSVIÐ

Megafix má nota bæði utanhúss og innan.

Megafix má einnig nota á stöðum þar sem fyrir hendi er þó nokkur raki svo og frost-þýðu ferli. Í sundlaugar, og þar sem gerða eru miklar kröfur vegna álags o.fl. er mælt með epoxy/sementsbundnu lími, **Epofug**.

Megafix má nota á hvers kyns undirlag s.s. múrhúðað, steyp, gifs, gamlar flisar, vinyl og málaða fleti.

Megafix er seigfljótandi lím sem hentar vel bæði á lóðrétt og lárétt fleti, án þess að hætta sé á sigi.

NOTKUNARREGLUR

Undibúningur

Lagnaflöturinn verður að vera hreinn og laus við allt ryk, fitu, olíu og önnur aðskotaefni. Mjög dræga fleti s.s. gifs, spónaplötur o.fl. verður að grunna með **Primer E-10** fyrir lögn. Málaða fleti, gamalt vinyl og slétta fleti verður að ýfa upp og matta fyrir grunn. Í votrymi verður að fylgja stöðlum um rakapéttingu fyrir lögn. Sementsbundnir og/eða steypfir fletir verða að vera full-harðnaðir fyrir lögn með **Megafix**.

Þannig að ekki komi til þenslu eða samdráttar (lágmark 28 dagar) nema því aðeins að notað hafi verið steypiefni með sérstökum bindefnum og fljótharðnandi, til dæmis **VR-Støp**.

Blöndun

Megafix er blandað úti u.þ.b. 0,3 ltr af hreinu vatni miðað við hvert kg af þurrefni. Hrærið með þar til gerðri hrærivél eða þeytara í borvél þar til úr verður búðingskenndur massi. Látið límið standa í nokkrar mínútur og hrærið síðan aftur.

Borið á

Megafix er borið á lagnaflötinn með tenntum spaða. Til að tryggja sem besta viðlöðun ætti að draga á þunnt lag með sléttu hlið spaðans/múrskeiðinni áður en líminu er dreift með tenntu hliðinni.

Flísalögn / fúgun

Flísarnar skal leggja innan 30 mín, áður en myndast þunnt skæni í löguninni. Athugið að í mikilli sól, vindi og við háan lofthita eða gegnumtrekk þá stýttist notkunartími límsins.

Límsins skal alls ekki bleyta með vatni þar sem slíkt hefur öfug áhrif. Dreifið úr líminu aftur þannig að yfirborðið sé ferskt.

Þrýstið flísunum vel í límið, - þannig myndast góð festa og binding.

Ekki má þvo flísarnar eða láta þær lenda í rigningu í a.m.k. 24 klst eftir lögn með **Megafix**.

Einnig þarf að vernda þær gegn frosti og sterkri sól fyrstu vikuna.

Flisar sem lagðar eru í **Megafix** eru tilbúnar til umferðar eftir 24 klst.

Fúgun má eiga sér stað eftir 24 klst. með fúguenum úr **Megafug** línunni.

Hreinsun

Tól og tæki skal hreinsa með hreinu vatni áður en límið nær að harðna. Harðnað lím er aðeins hægt að vélhreinsa.



Framleiðandi:

Mapei AS
Vallsetvegen 6, 2120 Sagstua, Norway
Tlf: +47 62 97 20 00 Fax: +47 62 97 20 99
post@mapei.no
www.mapei.com

Líming á einangrunarplötum

Megafix hentar mjög vel til að líma einangrunarplötur t.d. Isopor o.þ.h. á flesta lagnaflæti.

Hitastig við lögn

Límingu verður að framkvæma við hitastig yfir +5°C í lagnaflæti og lofthita. Hitastig hærra en +25°C veldur styttri vinnslutíma og getur einnig valdið minni gæðum við endanleg verklok.

ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

Vegna heilsu-, umhverfis og öryggisstaðla er bent á HMS upplýsingablöð á www.mapei.com

ATHUGIÐ

Þær tæknilegu ráðleggingar og leiðbeiningar sem fram koma á þessu blaði gefa til kynna núverandi þekkingu okkar og reynslu um þetta efni. Allar upplýsingar ber að skoða sem leiðbeinandi og gefa tilefni til mats. Hver sá sem notar þetta efni þarf að fullvissa sig um að efnið henti til þeirra verka sem á að framkvæma. Notandinn ber sjálfur ábyrgð ef efnið er notað til annars en þess sem ráðlagt er og/eða við önnur mistök sem kunna að koma upp.

Öll afgangið frá Mapei AS er háð þeim sölu- og afgangiðsluskilmálum sem eru í gildi og skoðast samþykktir við pöntun efnisins.akseptert ved bestilling.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR**Efnislýsing:**

Efnisgerð:

Litur:

Geymsluþol:

Eiginleikar

(við+20°C, 50 % R.F.)

Blöndunar hlutfall:

Þykkt:

Þéttleiki blöndu:

Notkunartími hræru:

Hitastig við lögn:

Opinn tími blöndu:

Færsla á flisum:

Tilbúið til léttrar umferðar:

Fúgun á veggflisum:

Fúgun á gólfflisum:

Efnis-eiginleikar

Viðloðunarhæfni

- eftir 28 daga

duft

grár og hvítt

12 mán. á þurrum stað í upphaflegum umbúðum.

U.þ.b. 6,0 ltr vatns í 20 kg af dufti.

pasti

U.þ.b. 1,55 g/cm³

U.þ.b. 8 klst.

Frá +5°C til +30°C

U.þ.b. 30 min

60 min

eftir 24 klst.

eftir 4-8 klst eftir drægni lagnaflatar

Eftir 24 klst.

2,0 N/mm²

Framleiðandi:

Mapei AS

Vallsetvegen 6, 2120 Sagstua, Norway

Tlf: +47 62 97 20 00 Fax: +47 62 97 20 99

post@mapei.no

www.mapei.com